



Ívar Örn Jónsson

MS verkefni: Sustained Triptolide Release from Silicone Matrices.

Höfundur: Ívar Örn fæddist 15. ágúst 2001 í Keflavík. Hann bjó þar fyrstu þrjú árin, en ólst síðan upp í Hafnarfirði til ársins 2010, þegar hann flutti með fjölskyldu sinni til Bergen í Noregi. Árið 2014 flutti hann aftur til Keflavíkur, þar sem hann lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja árið 2020. Sama ár flutti hann til Reykjavíkur og hóf nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Hann lauk BS gráðu árið 2023 og hóf strax meistaranám. Meðfram náminu hefur Ívar starfað hjá Lyfjaveri 2021, hjá Lyfjavali frá 2023 og tók þátt í opnun Apóteks NOR sumarið 2024. Foreldrar Ívars eru Sólveig Lilja Jóhannsdóttir, Jón Björn Lárusson, og stjúpfaðir Reynir Þór Jónsson.



Stuttur útdráttur úr ritgerð: Þessi rannsókn fjallar um þróun sílikon lyfjaforms til að losa triptólíð hægt og stöðugt yfir langan tíma. Triptólíð hefur mikla möguleika sem bólgueyðandi lyf, sérstaklega til að koma í veg fyrir segamyndun í blóðlækningatækjum eins og hjartadælum, þar sem blóðið kemst í snertingu við utanaðkomandi efni og getur myndað blóðtappa. Helstu vandamál triptólíðs eru mikil eitrunaráhrif og þröngt meðferðarbil, sem gerir nauðsynlegt að þróa lyfjaform sem tryggir nákvæma og örugga lyfjagjöf. Í verkefninu var sérstaklega skoðað hvernig styrkur triptólíðs og þykkt sílikonhimnu höfðu áhrif á losun lyfsins og togþol himnunnar. Niðurstöður sýndu jafna og stýrða lyfjalosun í 38 daga og að hægt er að stilla bæði lyfjalosun og togþol himnunnar með nákvæmri hönnun lyfjaformsins.